

Nd.

135. Frumvarp til laga

um skipting fasteignaveðslána.

Flm.: Páll Zóphóniasson, Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Þegar skipta á jörð í fleiri sjálfstæð býli milli eigenda, eða byggja á nýbýli úr landi jarðar, skal, ef óskað er, meta hvernig heildar-fasteignarmatsverð fasteignarinnar skiptist á hin einstöku býli.

2. gr.

Við matsgerð þessa skal ekki meta þau mannvirki, er unnin hafa verið á jörðinni eftir að skipti fóru fram.

3. gr.

Mat það, sem um ræðir í 1. og 2. gr., skal framkvæmt af úttektarmönnum hlutaðeigandi hrepps. Matskostnað greiða eigendur í hlutfalli við verðmæti hvers býlis, eftir því sem metið er, og skal um matskostnað farið eftir lögum nr. 64 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur.

4. gr.

Nú hefir mat farið fram samkvæmt fyrirmælum 1.—3. gr., og er þá peningastofnunum skylt, sé þess óskað af eigendum býlanna, að skipta fasteignaveðslánunum, er á fasteigninni hvíla, hlutfallslega jafnt á hin einstöku býli, eftir verðmæti þeirra, samkvæmt mati því, er að ofan getur, enda skal trygging fyrir fasteignaveðslánunum þessum ekki lakari en áður, og veðhæfi eignarinnar og veðréttur í engu lakari en áður en skipti fóru fram.

5. gr.

Kostnað þann, er leiðir af skiptingu lánanna, svo sem þinglestur, greiða lán-takendur, en engin afföll skal þeim reikna af hinum nýju lánunum.

6. gr.

Ákvæði laga, er koma í hága við lög þessi, eru úr gildi felld.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir kemur það þráfaldlega, að jörð, sem einn maður hefir átt og veðsett, verður af einum eða öðrum ástæðum eign fleiri manna, sem þá stundum búa hver á sínum hluta jarðarinnar. Raunverulega skiptast þá lánin milli hinna nýju eigenda, en í lánsstofnunum stendur lánið á allri jörðinni, og oft þá á nöfnum manna, sem ekki eru lengur eigendur hennar. Af þessu leiðir margvisleg óþægindi fyrir aðilja, en hinsvegar er mjög mikil tregða á því að fá veðlánunum skipt, og sumar lánsstofnanir neita því með öllu.

Af nýbýlalöggjöfinni leiðir, að margar jarðir skiptast í tvær, og land er tekið úr öðrum undir nýbýli, og er þá oft svo, að það eitt stendur í vegi fyrir stofnun nýbýlis, að gömlu veðlánunum fæst ekki skipt.

Þessu frumvarpi er ætlað að bæta úr þessu, og jafnframt skapa grundvöll fyrir því, hvernig veðlánin skiptast milli jarðarhlutanna, sem við skiptin verða að sjálfstæðum býlum.

Frumvarpið er flutt eftir beiðni stjórnarinnar.
Nánar í framsögu.